

Fundargerð stjórnar BÍS 17/2012.

miðvikudaginn 15. ágúst 2012 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskrárráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Fjarverandi:

Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Umræða 1:
 - a. Fundir með skátafélögum: Fundirnir verða undir yfirskriftinni „Samstarfsfundir með skátafélögum“ og verða haldnir 5 fundir í byrjun september. Starfsmenn BÍS undirbúi og tímasetji í samráði við stjórn. Helstu málaflokkar verða: Fullorðnir í skátastarfi, Innleiðingin, Gilwell-leiðtogaþjálfunin og Leiðtogaþjálfun skáta.
3. Umræða 2
 - a. 6 mánaða uppgjör BÍS: Umræðu frestað vegna forfalla gjaldkera.
 - b. Kynningarvika: Kynningarvikan var ekki dagsett í dagatali BÍS 2012. BÍS mun efna til kynningar á skátastarfi í 5-7 daga og byrja 29. ágúst. Bæklingar og veggspjöld verða send til skátafélaganna auk upplýsinga um efni sem þau geta nýtt í sýnu eigin kynningarstarfi.
 - c. Grænir skátar: Rætt var um ólíka túlkun stjórnarmanna á afgreiðslu málsins í vor. Samþykkt að kynningarefni Þjóðþrifa verði kynnt stjórn á nýjan leik. Í því samhengi þarf að ræða ímyndarmál í heild sinni og mun upplýsingaráð vera búið að ljúka vinnu sem það er í um það efni í lok september. Ljóst er að stjórn þarf að senda vinnuhópum skýrari skilaboð og vanda eftirfylgni athugasemda sem gerðar eru.
 - d. Trúnaðarmál: Fært í trúnaðarbók. Samþykkt að BB, HSG og HS myndi trúnaðarráð stjórnar sem annast meðferð trúnaðarmála og færslur í trúnaðarbók. Þær færslur verði síðan kynntar öðrum stjórnarmönnum.
4. Mál til kynningar og bókunar
 - a. Landsmót skáta 2012: Stjórn BÍS þakkar mótsstjórn fyrir gott mót, nánari umræða fer fram að loknum endurmatsfundi og þegar drög að skýrslu og uppgjöri liggja fyrir.
 - b. Starfsreglur og siðareglur Æskulýðsvettvangsins: Þessar reglur hafa verið gefnar út í bæklingi formi sem kynna þarf fyrir skátafélögum.
 - c. Dagur íslenskrar náttúru: 16. september: Skátamiðstöðin sendir skátafélögum, skátum og foreldrum hvatningu um að nota daginn til náttúrverkefna. Senda má dæmi um verkefni sem finna má í Græna bakpokanum.
 - d. Ábyrgð aðila sem standa fyrir félags- og tómsundastarfi fyrir börn og unglinga: Bæklingur frá menntamálaráðuneytinu um þetta efni er kominn út og þarf að kynna hann fyrir skátafélögum.
 - e. Fundur með menntamálaráðherra: BB, HGH og HS áttu fund með mennta- og menningarmálaráðherra, Katrínu Jakobsdóttur 18. júní sl. Á fundinum var rætt um stuðning ríkis við BÍS, hvernig framlög til BÍS hafa rýrnað vegna þess að

þau hafa ekki verið uppfærð vegna verðbólgu líkt og fjárveitingar til opinberra stofnana, skattamál, sérstaklega endurgreiðsla VSK, málefni Endurvinnslunnar, kaup skáta á jörðinni Úlfljótuvatni, Friðarþing og Landsmót skáta. Ráðherra var boðið að koma á mótið sem hún síðan gerði. Fundurinn var jákvæður og þurfum við að halda ráðuneytinu eins vel upplýstu um okkar starfsemi og óskir og kostur er.

- f. Bréf frá Róversveitinni Ragnarök: Stjórn BÍS þakkar góðar ábendingar. Málefni Róveraldursins í skátastarfi er nú til sérstakrar skoðunar og vonandi nýtast þessar athugasemdir í þeirri vinnu og í framhaldinu við undirbúning næsta Landsmóts skáta.

5. Önnur mál:

- a. Menningarnótt: Elsí Rós Helgadóttir, verkefnastjóri, kynnti framlag skáta til Menningarnætur í Reykjavík, 18. ágúst. Sett verður upp tjaldbúð í Hljómskálagarðinum þar sem gestir geta kynnst ýmsum verkefnum sem skátar sinna á skátamóti. Einnig verður kaffihús og SSR verður með hoppikastala. Jón Gnarr, borgarstjóri mun opna dagskrá Menningarnætur 2012 með formlegum hætti í tjaldbúðinni kl. 12:30. Kvöldvaka verður á svæðinu kl. 17:30.
- b. ÚSÚ: Rædd voru hugsanleg kaup BÍS á eignarhlut SSR í jörðinni og rekstrinum á Úlfljótuvatni. Samþykkt að senda stjórn SSR bréf þar sem formlega verði óskað eftir viðræðum um kaupin.
- c. Aðalfundur Hafarna: Skátafélagið Hafarnir hélt aðalfund sinn 19. júní sl. Á fundinum var kjörinn nýr félagsforingi, Jens Pétur Kjartansson.
- d. Aðalfundur Hamars: Fundurinn hefur verið boðaður mánudaginn 20. ágúst kl. 20:00 í skátaheimiliunu v/Logafold.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið kl. 20:40

Fundargerð ritaði JA